



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við afhendingu
Íslensku bókmenntaverðlaunanna,
Bessastöðum
25. janúar 2022**

Kæru landsmenn
rithöfundar og fræðafólk,
útgefendur, ráðherra og áhorfendur nær og fjær.

Ég býð ykkur öll velkomin til þessa fagnaðar. Hér verða Íslensku bókmenntaverðlaunin veitt. Þetta er uppskeruhátíð en um leið vitnisburður um mikilvægi menningar og mennta, mikilvægi bóka í samfélaginu. Valnefndir lásu verk í gríð og erg og komu sér saman um að tilnefna fimm rit í hverjum hinna þriggja flokka sem þeim er skipt í og verður rakið hér á eftir. Og síðan þurfti að velja verðlaunahafa í hverjum þeirra um sig. Það hlýtur að hafa verið þrautin þyngri.

„Íslenskar bókmenntir eru merkilegar.“ Þannig kemst Ármann Jakobsson prófessor að orði í blaðaviðtali í dag, einn höfunda nýs yfirlitsverks um þennan þátt sögu okkar. Og hvers vegna? Því svarar hann að bragði: „Íslenskar bókmenntir eru merkilegar, ekki af því að þær séu eitthvað betri en aðrar bókmenntir heldur eru þær fyrst og fremst merkilegar í ljósi þess að þær eru okkar bókmenntir, sem við lesum og ölumst upp við.“

Þetta eru orð að sönnu og þetta þurfum við áfram að gera, alast upp með bækur allt um kring. Því er hann svo mikilvægur, allur starfi skálda og fræðafólks, útgefenda og annarra sem koma að gerð hvers kyns ritverka á landi hér. Fátt er líka betra og notalegra en að ylja sér við lestur, ekki síst núna í skammdeginu. Eitt sinn las ég meira að segja þá frásögn að ef maður gúgglaði orðið „hjálp“ væri það fyrsta, sem upp kæmi, heimasíða Borgarbókasafnsins í Reykjavík.

En um leið og við minnum okkur á mikilvægi bókmennta og bóklestrar er hollt að nefna líka gildi hreyfingar fyrir líkama og sál. „Slöbbum saman“ er heiti átaks Ungmennafélags Íslands og fleiri þar sem fólk er hvatt til að fara út að ganga í slabbinu, og einnig minni ég á G-vítamín Geðhjálp, lítil og létt ráð sem er ætlað að bæta geðheilsu okkar. Hollráð dagsins í dag er svohljóðandi: Láttu þig langa í það sem þú hefur.

Gott og vel en mig eins og fleiri langar líka í gott gengi á Evrópumótinu í handbolta. Ég sendi strákunum okkar góðar kveðjur út til Ungverjalands. Megi þeim vegna vel í leik sínum á morgun og í ofanálag þurfum við að treysta á sigur frænda vorra Dana í annarri viðureign. Hér á Bessastöðum minni ég því náðarsamlegast á danska málshætti um gildi vináttunnar. „I nøden skal man kende sine venner,“ segir einn og annar er eins sannur: „Den, der graver en grav for andre, falder selv i den.“

Góðir landsmenn: Í lokin færi ég ykkur öllum góðar kveðjur okkar Elizú. Þessi staður er auðvitað tengdur bókmenntum og menningu landsins órofa böndum, að ekki sé minnst á sögu okkar og sjálfstæðisbaráttu. Því leyfi ég mér að minnast þess að í dag eru rétt 70 ár frá því að Sveinn Björnsson, fyrsti forseti lýðveldisins, féll frá. Blessuð sé minning hans.

Og nú er röðin komin að ljúfum tónum. Sigrún Hjálmtýsdóttir syngur um bókagleypi við píanóundirleik Helgu Bryndísar Magnúsdóttur. Jóhann G. Jóhannsson samdi lagið við texta Þórarins Eldjárns. Að því loknu mun svo Heiðar Ingi Svansson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, taka til máls.